



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 20. ágúst 2008

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd miðvikudaginn 20.ágúst 2008 á Sölvabakka.
Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Fjallskilamál.

Rætt var um fjárhagsáætlun fjallskilasjóðs fyrir haustið.

Ákveðið var að hækka gangnakaup upp í 7.000 kr.fyrir heimalönd og 8.000 kr. fyrir afréttargöngur. Einingin verður á móti hækkuð í 185 kr.úr 140 kr. og landgjaldið hækkað úr 34 kr. í 36 kr.

Fjallskilastjóri kynnti tilboð í efni fyrir nýjan náttþaga við Skrapatungurétt sem hugsaður er fyrir óskilafénað sem geymdur er milli rétta og fram að hreppaskilum. Þetta hólf kæmi þá í staðinn fyrir vörsluhólf í Selvíkurtúni.

Tilboð í efni hljóðar upp á 156,652 kr..sem skiptist milli Blönduósbæjar og Skagabyggðar, erindinu hafnað af hálfu Skagabyggðar.

Fyrri göngur verða 5.og 6. sept og fyrri rétt 7. sept.

Seinni göngur verða 12. og 13.sept og seinni rétt 14. sept.

Dagsetningar þessar eru skv. samkomulagi sem gert var síðastliðinn vetur milli Húnvetninga og Skagfirðinga á svæðinu milli Héraðsvatns og Blöndu. Skarðsskarð og fram Langadalsfjall verða smöluð síðustu helgina í ágúst.

2. Önnur mál.

Ekkert kom fram undir liðnum önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið

*Gauti Jónsson (sign.)
Þórður Pálsson (sign.)*

Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)